



FÉLAG VERSLUNAR-
OG SKRIFSTOFUFÓLKS
AKUREYRI OG NÁGRENNI

BLAÐIÐ

1. TBL. 35. ÁRG. 2021

Meðal efnis í blaðinu:

**Starfsmenntasjóður – Lykillinn
að því sem mig langaði að gera**
bls. 4

Afmælissýning FVSA
bls. 5

Hvað veistu um félagið?
bls. 8

**Mikil ánægja með styttingu
vinnuvikunnar!**
bls. 10

Ég fer í fríið – Orlofshús og íbúðir
bls. 11

Átt þú heima hjá okkur?
Baksíða

Stjórn og trúnaðarráð 2021-2022

Í stjórninni eiga sæti:

Eiður Stefánsson, FVSA
Anna Kristín Árnadóttir, Norðlenska
Anna María Elíasdóttir, Rammi
Halldór Óli Kjartansson, Markaðsstofa Norðurlands
Jón Grétar Rögnvaldsson, Penninn

Í varastjórn eru:

Agnes Reykdal, Byko
Hulda Björnsdóttir, Heimilistæki/Tölvulistinn
Stefán Jónsson, Rafeyri

Trúnaðarráð til eins árs valið af trúnaðarmönnum 2021-2022

Anna Hafdís Jóhannesdóttir, Kjörbúðin Dalvík
Erla Bjarnadóttir, Höldur hf
Gestur Gunnar Björnsson, N1 Hörgárbraut og Leira
Gunnar Berg Aðalgeirsson, Olís Dalvík
H. Heimir Geirdal Jónasson, Nettó Glerártorgi
Hallveig Stefánsdóttir, Grófargil
Jón Haraldur Lárusson, Húsasmiðjan
Anna Petra Lindberg Torbjörnsdóttir, Rúmfatalagerinn

Til vara:

Bára Waag Rúnarsdóttir, Hagkaup
Elín Anna Guðmundsdóttir, VÍS
Halldór Frosti Friðvinsson, Byko
María Ingunn Tryggvadóttir, Nettó Hrísalundi

Trúnaðarráð til eins árs valið af uppstillingarnefnd 2021-2022

María Rut Dýrfjörð, FVSA
Kristín B. Hjaltalín, Kjarnafæði
Helga Eymundsdóttir, Blikkrás
Júlía Gunnlaugsdóttir Poulsen, Kjörbúðin Ólafsfirði
Sigurbjörg Gunnólfssdóttir, Primex ehf

Til vara:

Agnes Harpa Jósavinsdóttir, Enor
Guðlaug Kristjánsdóttir, Klettur
Claudia Lobindzus, Icelandair Hotel
Hjálmar Pálsson, Brimborg
Logi Birgisson, Bónus Naustahverfi

Starfsfólk FVSA

Aðalskrifstofa FVSA er í Skipagötu 14, á 3. hæð. Auk þess rekur félagið skrifstofu í Fjallabyggð. Skrifstofan er opin mánudaga til fimmtudaga frá kl. 8:00 til 16:00 og föstudaga frá kl. 8:00 til 13:00.

Félagsmenn eru ávallt velkomnir á skrifstofu félagsins að fá aðstoð varðandi réttindi og kjör. Við tökum vel á móti þér!



Allar upplýsingar um starfsemi félagsins og réttindi félagsmanna er að finna á heimasíðu félagsins:

www.fvsa.is



Fylgdu okkur á facebook
www.facebook.com/fvsastettarfelag



Eiður Stefánsson,
formaður.



Eydis Bjarnadóttir,
þjónustufulltrúi.



Helgi Sveinbjörn Jóhannsson,
afgreiðslu- og fræðslufulltrúi.



Kristín Þorgilsdóttir,
skrifstofustjóri.

Ábyrgðaraðili: Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni. **Ritstjóri:** María Rut Dýrfjörð.

Umbrot: Blek – blekhonnun.is **Forsíðumynd:** Daniel Starrason. **Myndir af starfsfólki:** Auðunn Nielsson. **Prentun:** PrentmetOddi.

Hvað er framundan? – Ávarp formanns FVSA

Það eru mörg verkefni sem bíða úrlausna á þessu ári og má þar nefna kröfur stéttarfélaganna á stjórnvöld um aukna aðstoð við atvinnulausa, aukinn stuðning við heimilin í landinu og vinnu við Grænbók um stéttarfélög og vinnudeilur.

Rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins, Varða, kynnti um miðjan febrúar niðurstöður viðamikillar rannsóknar á stöðu launafólks og atvinnuleitenda. Rannsóknin fólst m.a. í því að kanna stöðu félagsfólks innan ASÍ og BSRB og staðfesta niðurstöðurnar enn á ný að ungt fólk og fólk af erlendum uppruna fer sérstaklega illa út úr efnahagskreppunni. Fólk sem hefur verið með lágar tekjur og í ótryggu ráðningarsambandi er í sérstaklega viðkvæmri stöðu og yfirgnæfandi hluti þessara hópa er á leigumarkaði. Niðurstöðurnar staðfesta mikilvægi þeirra aðgerða sem ASÍ hefur kallað eftir; að hækka atvinnuleysisbætur og styðja við fólk með því að þetta öryggisnet samfélagsins, ekki síst í gegnum húsnæðis- og barnabótakerfið.

Hluti vinnuafslisins í landinu hefur orðið fyrir kjaraskerðingu í formi launalækkana og félagsmenn hafa þurft að sætta sig við launalækkun upp á allt að 20%. Því til viðbótar er hópur félagsmanna sem býr við það að vinnutíminn hefur verið skertur og svo þeir sem hafa orðið fyrir tekjuserðingu í hlutabótleiðinni. Til að mæta efnahagslegum áföllum samfélagsins vegna Covid-19 heimsfaraldursins hafa stjórnvöld staðið í dýrum og umfangsmiklum stuðningsaðgerðum sem fyrst og fremst hafa snúið að rekstrarvanda fyrirtækja, en hafa lagt mun minni áherslu á rekstrarvanda fjölskyldna. Þeim vanda hafa heimilin neyðst til að mæta með því að leysa út séreignarsparnað sinn, en séreignarsparnaður landsmanna hefur rýrnað um 25 þúsund milljónir frá því í mars 2020, þegar faraldurinn hófst. Honum verður ekki eytt aftur. Fyrirtækin í landinu eru samfélaginu mikilvæg, en það eru fjölskyldur samfélagsins líka og því sanngirniskrafa að stjórnvöld viðhafi eðlilegt samhengi í aðgerðum þar á milli.

Ósanngirnin í viðbragði stjórnvalda er ekki síst sú að á meðan fjölskyldur borga fullan tekjuskatt af útleysingu á séreignarsparnaði, sem þá er orðinn að milljarða tekjum fyrir ríkið, þá velta stjórnvöld honum yfir til verktaka og fyrirtækja í formi styrkja. Þetta er óásættanlegt. Hvort sem um ræðir atvinnulausa einstaklinga eða þá sem hafa mátt þola tekjuserðingu þá verða stjórnvöld að koma til aðstoðar. VR og LÍV hafa lagt fram útfærða hugmynd að sértækum stuðningi sem tryggir afkomuöryggi til handa þeim sem hafa orðið fyrir atvinnumissi og tekjufalli vegna Covid-19. Til viðbótar hafa komið fram margar hugmyndir að ýmsum leiðum sem stjórnvöld eru fær um til að aðstoða almenning. Gleymum því ekki að stjórnvöld starfa í umboði almennings og það styttest í að kosið verður um áframhaldandi umboð þeirra. Það er svo skrítið að hugsa til þess að stjórnvöld hika ekki við að tæma ríkiskassann til fyrirtækja en þegar kemur að fólkinu sjálfu, þá er allt botnfrosið.

Hvað veldur? Græna bókin.

Í stuðningsyfirlýsingu stjórnvalda við lífsskjarasamninginn kom fram vilji um að setja á fót samráðshóp stjórnvalda og heildarsamtaka á vinnumarkaði um gerð Grænbókar um kjarasamninga og vinnumarkaðsmál. Í stuttu máli á að ræða hvort þörf sé á breytingum á lagaumhverfi er snýr að stéttarfélögum og vinnudeilum. Sitt sýnist hverjum í þessu máli enda stórmál ef breyta á þessum lögum því þau verja rétt stéttarféлага og félagsmanna, minnsta breyting á lögum getur leitt til skerðingar á þeim rétti sem við búum við í dag. Breyting á lögum getur framkallað breytta samningsstöðu stéttarféлага, til dæmis réttinum til að fara í verkfall sem er grunnurinn að baráttunni fyrir betri lífsskjörum. Það þarf engan sérfræðing til að sjá mikilvægi verkfallsréttarins, en það endurspeglast greinilega á alþjóðasviðinu, í þeim löndum þar sem stéttarfélög eru sterk er hagsæld almennings mest.

En hvernig er staðan á vinnumarkaði, er traust á milli aðila?

Svarið er því miður nei. Samtök atvinnulífsins hafa tekið upp stuðning við fyrirtæki sem hafa það að markmiði að brjóta niður stéttarfélög og fara á svig við lögin. Það sást vel í kjaradeilu Flugfreyjufélags Íslands og Icelandair þar sem flugfélagið sagði upp öllum flugþjónum félagsins eftir að þeir höfnuðu nýgerðum kjarasamningi. Ætlun Icelandair var að stofna nýtt stéttarfélag flugþjóna í þeim tilgangi að lækka kjör þeirra, sem er algjörlega galið og á skjön við lög um stéttarfélög og vinnudeilur.

Þetta er svo að gerast aftur í kjaraviðræðum FÍA og Bláfugls, formaður samninganefndar FÍA við Bláfugl skrifaði í pistli um málið „Sú ákvörðun að segja upp öllum fastráðnum flugmönnum hjá félaginu og manna flugmannsstöður þess í stað með því sem forstjóri Bláfugls kallar „sjálfstætt starfandi flugmenn“ er gjörningur sem FÍA hefur ítrekað skorað á Bláfugl að draga til baka, enda sé hún brot gegn 4. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur“ Hér er verið að tala um að reka alla flugmenn og ráða þá í staðinn sem gerviverktaka. Miðstjórn ASÍ hefur skorað á Vinnuálastofnun að rísa undir hlutverki sínu og nota allar þær heimildir sem hún hefur til þess að tryggja að ekki séu stunduð félagsleg undirboð og lögbrot á íslenskum vinnumarkaði.

Það eru mörg verkefni sem bíða úrlausnar á þessu ári eins og að ofan er lýst og þau eru fleiri og þau eru snúin. Hvernig eiga stéttarfélög til dæmis að koma að borði ríkisstjórnar og taka þátt í samtali um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur þegar hvorki ríkisstjórn Íslands né Samtök atvinnulífsins berjast með okkur í að viðhalda og virða þau lög sem nú eru í gildi? Það verður því í mörgu að snúast á þessu herrans ári 2021.

Eiður Stefánsson formaður Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni

Starfsmenntasjóður – Lykillinn að því sem mig langaði að gera

Möguleikinn á starfsmenntastyrk átti þátt í því að Halldór Óli Kjartansson, verkefnastjóri hjá Markaðsstofu Norðurlands, lét drauminn um að fara í framhaldsnám rætast. Við spurðum hann út í náms- og starfsferilinn og mikilvægi endurmenntunar í starfi.

Starfsumhverfið krefst þess að maður sé á tánum

Halldór er með verslunar- og stúdentspróf frá Verkefnaskólanum á Akureyri, en þaðan lá leiðin í Háskólann á Akureyri þar sem hann lauk B.S. prófi í viðskiptafræði með áherslu á stjórnun og markaðsfræði. Hann starfar í dag sem verkefnastjóri yfir markaðsmálum og almannatengslum hjá Markaðsstofu Norðurlands og það er greinilegt að hann hefur ástríðu fyrir sínu starfi. „Starfsumhverfið krefst þess að maður sé á tánum og stöðugt að læra eitthvað nýtt, námið í heild sinni nýtist mér vel í starfi, en það má alltaf gera betur. Við eigum samtál við ólíka hagaðila með mismunandi bakgrunn og skírskotun í sín fræði og sína reynslu. Það hvetur mann til þess að vera sífellt að afla sér nýrrar þekkingar“ segir Halldór.

Námið í senn kostnaðarsamt, tímafrekt og bindandi

Samhliða vinnu hefur Halldór sótt nokkur námskeið, m.a. í netmarkaðssetningu og vörumörkun, „ég hef líka lagt mikið í að afla mér þekkingar á sviði ferðaþjónustu, sem tengist þá markaðssetningu áfangastaða og annað í þeim dúr. Ég tengdi samt ekki beint við starfstengt nám en fann að ég vildi bæta við mig meiri menntun“. Hann segist hafa haft áhuga á að fara í MBA nám, en komst að því eftir nánari skoðun að það væri í senn kostnaðarsamt, tímafrekt og mjög bindandi. Bifröst auglýsti svo námskeið á meistarastigi í gegnum endurmenntun, „þar sá ég fyrir mér möguleikann að geta stundað nám á meistarastigi samhliða vinnu, sem var mjög í takti við mín markmið. Ég byrjaði á kúrs í alþjóðlegri markaðsfræði og fann að sveigjanleikinn í gegnum fjarnámið hentaði mér vel. Í framhaldi opnaðist þessi möguleiki, að



sækja frekar dýrt nám án þess að binda mig að öllu leyti og nýta starfsmenntasjóðinn til að stemma stigu við útgjöldin“.

Starfsmenntastyrkur getur opnað á fjölmörg tækifæri

Aðspurður segir Halldór að það hafi haft mikil áhrif á ákvörðunina að geta sótt um styrkinn. „Eftir því sem námið er dýrara þeim mun stærri er ákvörðunin og ég hefði ekkert endilega lagt í þetta ef ég hefði þurft að eyða einhverjum milljónum, en með þessum stuðningi get ég lækkað upphæðina verulega á hverju ári. Styrkurinn er því þínu lykill að því að ég er að gera nákvæmlega það sem mig langaði til“. Hann leggur líka áherslu á mikilvægi þess að greiða í stéttarfélag til þess að eiga kost á styrk eins og þessum. „Margir af mínum kollegum úr ferðaþjónustunni eru að nýta tækifærið á meðan það er lítið að gera og bæta við sig námi sem nýtist þeim svo þegar tímarnir breytast. Ég hvet einmitt fólk til þess að skoða þetta vel, ef þú greiðir í stéttarfélag, líka þeir sem eru á atvinnuleysisbótum, að nýta sér styrk eins og þennan, það getur opnað á fjölmörg tækifæri“.

Starfsmenntasjóður - Vilt þú vera með?

Allt að 130.000 kr. á ári endurgreitt v/ skólagjalda (90% af námi/starfs-tengdu námskeiðsgjaldi/ráðstefnugjaldi). Uppsöfnun einstaklinga til þriggja ára verður því 390.000 kr. fyrir einu samfelldu námi.

Allt að 30.000 kr. á ári í tómstunda-styrk (50% af gjöldum og dregst frá hámarksstyrk, en hefur ekki áhrif á uppsöfnun).

Allt að 40.000 kr. á ári í ferðastyrk v/ náms (50% af gjöldum og dregst frá hámarksstyrk).

Afmælissýning FVSA

Félag verslunar- og skrifstofufólks fagnaði 90 ára afmæli árið 2020. Af því tilefni var sett upp sýning með svipmyndum úr sögu félagsins á Glerártorgi. Þar gátu gestir og gangandi fræðst um félagið í máli og myndum, auk þess sem lðnaðarsafnið lagði til muni sem lýsa tíðaranda og þeim breytingum sem hafa orðið í starfsumhverfi félagsmanna síðastliðin 90 ár. Sýningin var opnuð með formlegum hætti þann 30. október af tveimur öflugum félagsmönnum FVSA, þeim Karen Hrönn Eyvindsdóttur og Huldu Björnsdóttur. Hægt var að taka þátt í spurningaleik sem tengdist sýningunni og vinningshafar voru Brynja Björk Pálsdóttir og Haraldur Hauksson.

Sýningin stóð í þrjár vikur og var hönnuð af Blek hönnunarstofu á Akureyri. Hægt er að skoða sýninguna á vef félagsins fvsa.is undir leitarorðinu afmælissýning.



Hulda Björnsdóttir og Karen Hrönn Eyvindsdóttir opna sýninguna.



Ljósmyndir: Daniel Starrason

Starfsmannaviðtöl

Starfsmaður á rétt á viðtali við yfirmann einu sinni á ári um störf sín og hugsanlega breytingu á starfskjörum. Margir atvinnurekendur eiga frumkvæði að slíkum viðtölum en óski starfsmaður eftir viðtali skal það veitt innan tveggja mánaða og niðurstaða viðtalsins skal liggja fyrir innan mánaðar.

Markmiðið með starfsmannaviðtali er að bæði vinnuveitandi og starfsmaður geti tjáð sig um starfið og tengd mál. Til að starfsmannaviðtalið verði sem gagnlegast er æskilegt að aðilar ræði þau málefni sem snúa beint að starfi starfsmanns. Starfsviðtöl geta verið mjög gagnleg, bæði fyrir vinnuveitanda og starfsmann, þau auka vinnugleði, vöxt í starfi, þróun og afköst á vinnustaðnum. Forsenda fyrir góðu starfsviðtali er að báðir aðilar mæti vel undirbúnir.

Dæmi um umræðuefni í slíku viðtali:

- Helstu verkefni í starfi
- Starfið sjálft og vinnuálag.
- Þekking starfsmannsins, fjöldi verkefna og verkefnastjórnun.
- Ánægja í starfi.
- Starfsumhverfi; starfsskilyrði og vinnuáðstaða.
- Samskipti við vinnufélaga, viðskiptavini og stjórnendur.
- Upplýsingaflæði milli starfsmanna og endurgjöf næsta yfirmanns til starfsmanns.
- Starfsþróun og markmið. Núverandi starfssvið, námskeið og markmið til t.d. næstu 12 mánaða í starfi.
- Laun eða önnur starfskjör.

Það er gott að þekkja sinn rétt

Logi Birgisson er 28 ára og starfar sem verslunarmaður í Bónus. Hann gaf sér tíma í stutt spjall rétt fyrir hádegistörninu um starfsferilinn og hlutverk sitt sem trúnaðarmaður.

Það kemur á daginn að Logi hefur komið víða við á sinni starfsævi og var snemma farinn að vinna. „Ég byrjaði í uppvaskinu hjá Rub23 14 ára, vann mig upp í að vera sushi-kokkur þegar ég var 16 ára og starfaði við það í einhvern tíma“. Reynslan leiddi hann síðar til Siglufjarðar þar sem hann vann hjá Hannes Boy Café, til Hríseyjar þar sem hann sá um veitingastaðinn Verbúð 66 og týndi hvönn yfir sumarið og síðan sem þjónn á Greifanum.

Talið berst að skóla og Logi lýsir því hvernig kaup og kjör urðu til þess að hann flosnaði upp úr námi, „þegar ég byrjaði að læra þá var nemakaupið 580 kr. á tímann ef ég man rétt. Þetta var rétt eftir hrun og það var ekki búið að breyta nemataxtanum, ég þraukaði í eitt ár þar til ég skuldaði meira en ég átti og hætti“. Nú lætur hann rétt launamanna sig varða með því að vera trúnaðarmaður á sínum vinnustað. Hann hafði áður sinnt stöðu trúnaðarmanns í gegnum annað stéttarfélag og þekkti því vel til hlutverksins. Aðspurður segir



Logi að hann hafi ekki þurft að hugsa sig lengi um að taka við stöðunni hjá Bónus. „Ég hef alveg áhuga á þessu, það er gott að maður þekki sinn rétt og sé meðvitaður um það sem er í gangi í samfélaginu“.

En hvað segir samstarfsfólkið, er það duglegt að leita til hans? „Já það gerir það, kannski frekar þau yngri sem eru með almennar fyrirspurnir, þau sem eldri eru eru frekar með þessi mál á hreinu“. Hann segist vel geta hugsað sér að sinna hlutverki trúnaðarmanns áfram „já alveg eitthvað áfram, þetta er góð reynsla og gott fyrir ferilskrána“.

Mundu!

Orlofsuppbót miðað við fullt starf er 52.000 kr. og greiðist 1. júní 2021.

Ef eitthvað bjátar á í vinnunni og þú þorir ekki, eða getur ekki, talað við yfirmann þá er trúnaðarmaður í fyrirtækinu þínu sem þú getur talað við í 100% trúnaði. Þér er einnig velkomið að leita til okkar á skrifstofu FVSA.

Þú getur leitað til okkar:

Ef þú skilur ekki launaseðilinn þinn eða grunar að þú sért á of lágu launum miðað við kjarasamninga.

Ef þú ert ekki viss um hvort vinnutíminn þinn eða vaktaplan sé samkvæmt kjarasamningum.

Íbúðir og orlofshús

Þú getur leigt íbúðir og sumarhúsaði víðs vegar um landið, keypt ódýrari flugmiða innanlands og hótलगistingu gegnum stéttarfélagið þitt.

Við styrkjum þig!

Þú getur fengið endurgreitt að hluta skólagjöld, námskeið, sjúkraþjálfun, krabbameinsleit, líkamsrækt, sálfræðipjónustu, nudd, heyrnar-tæki, bílpróf, gleraugu, glasa/tæknifrjógvun o.fl.

Kynntu þér alla þessa möguleika og meira til á vefsíðunni okkar www.fvsa.is

Verðlaunakrossgáta

Lausn: Reitir 1-30	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
	Beitla Bók								Reidar Efna-blanda	9	↓ Framkvæmdir	Erfingjar	14
	→										↓	12	15
	Fullkomin Mann									16			16
	→ 2												17
	Hjakka með sög									19			
Hagnadur											3		19
BB ↓	Trækka Sefa	Tröll Tennur	Kær-leikur	And-varpið	↓ Hólmi Pína	Pvengur Hækkum	8					Pjálfa Kapp-Sæmi	20
Sætu-sfni Tíðill	4								28		↓		21
Údíst					Hegning Stjórnar	5			Frá Aköf				22
Dund Þruga	1				6			Mauk			22		23
→			29 Spennur Kyrr Angan					20 Lítill Fugli Minnkad					24
Aga Gabbað	27					Skófla		Römm Staup				13	25
Korn-um		✓	✓	18			Býli Ljós-blá	11		Tónn Ann-riki			26
Væx í augum	↓				Takki Mann	15							27
Makk-inn Fjórir				✓	10 Tertur Hvað?				26		Brak		28
→ 14		2 eins Knæpa			Skotti Grænar Tal	24			✓			Kropp	29
Stutta				25		Svalan Tímabil						30	30
→ 17					Stretta					Sól-guð	23		
Græni-nálar	↘	7	→						21				

Sendið lausn gátunnar, ásamt nafni og heimilisfangi á netfangið fvsa@fvsa.is eða með pósti til FVSA, Skipagötu 14, 600 Akureyri, merkt „Krossgáta“. Skilafrestur er til 27. mars nk.

Dregið verður úr réttum lausnum og hljóta tveir heppnir þátttakendur í verðlaun helgardvöl í sumarbústað/íbúð FVSA í vetrarleigu. Höfundur krossgátunnar er Bragi V. Bergmann.

Hvað veistu um félagið?

Við tókum nokkra félagsmenn tali og könnuðum hversu margir þekkja til starfsemi stéttarfélagsins og hlutverks trúnaðarmanna. Viðmælendur áttu það flestir sameiginlegt að hafa starfað í tvö ár eða lengur hjá sínum atvinnuveitanda og eru því verðmætir starfskraftar. Öll báru þau sig vel þrátt fyrir þær

áskoranir sem Covid hefur haft á þeirra vinnuaðstæður og þökkum við þeim kærlega fyrir góðar móttökur. Þetta er í fimmta sinn sem lítið er inn á vinnustaði með þessum hætti og ánægjulegt að heyra að félagsmenn séu meðvitaðir um sín réttindi og möguleika innan félagsins.

Hákon Arnar Sigurðsson, 25 ára - Dressmann

Veist þú hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig?

Já það hjálpar mér við að sækja minn rétt og sér um að kynna fyrir fólki hvaða rétt það hefur.

Hefur þú nýtt þér þjónustu stéttarfélagsins? Nei, ég hef ekki nýtt mér hana mikið, nema aðallega til að sækja um styrki.

Veist þú hvert hlutverk trúnaðarmanns er í fyrirtækinu og hvernig hann getur nýst þér?

Já það snýst um það af hafa einhvern sem hægt er að leita til ef eitthvað er að innan fyrirtækisins, eins og ef einhverjum líður illa eða hefur eitthvað sem hann vill koma á framfæri, þá er það trúnaðarmaður sem maður talar við.

Hefur einhver sagt þér frá þjónustu stéttarfélagsins og/eða veistu hvar þú getur fundið þær upplýsingar?

Ekki nýlega, maður er bara þínu sjálfur að skoða, fletta upp á netinu og kynna sér það sem er í boði.



Júlíus Andri Karlsson, 24 ára - Tölvulistinn

Veist þú hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig?

Já, ég er búin að skoða aðeins styrki og þess háttar.

Hefur þú nýtt þér þjónustu stéttarfélagsins? Voða lítið, ég hef eitthvað sótt um styrk fyrir korti í ræktina.

Veist þú hvert hlutverk trúnaðarmanns er í fyrirtækinu og hvernig hann getur nýst þér?

Já, það er aðallega til að ræða um laun og annað.

Hefur einhver sagt þér frá þjónustu stéttarfélagsins og/eða veistu hvar þú getur fundið þær upplýsingar?

Á heimasíðunni og líka hjá trúnaðarmanni.



Kristrún Urður Harðar-dóttir, 20 ára - Lindex

Veist þú hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig?

Ég er eitthvað búin að kynna mér það já.

Hefur þú nýtt þér þjónustu stéttarfélagsins?

Nei, en ég hef verið að skoða það að nýta mér það.

Veist þú hvert hlutverk trúnaðarmanns er í fyrirtækinu og hvernig hann getur nýst þér?

Svona nokkurn veginn, það segir sig þínu sjálf.

Hefur einhver sagt þér frá þjónustu stéttarfélagsins og/eða veistu hvar þú getur fundið þær upplýsingar?

Já, það er plakati inni á skrifstofu hjá okkur með upplýsingum um það helsta.



Máney Ósk Egilsdóttir, 20 ára - Nettó

Veist þú hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig?

Nei ég get ekki alveg sagt það.

Hefur þú nýtt þér þjónustu stéttarfélagsins? Nei.

Veist þú hvert hlutverk trúnaðarmanns er í fyrirtækinu og hvernig hann getur nýst þér?

Já, getur leitað til hans með allskonar.

Hefur einhver sagt þér frá þjónustu stéttarfélagsins og/eða veistu hvar þú getur fundið þær upplýsingar?

Finn það inn á heimasíðunni.



**Ingibjörg Ósk Sigur-
björnsdóttir, 53 ára**
- Rúmfatalagerinn

*Veist þú hvað stéttarfélagið
þitt getur gert fyrir þig?*

Já, ýmislegt, ég hef verið dugleg
að mæta á fundi félagsins.

*Hefur þú nýtt þér þjónustu
stéttarfélagsins?* Já nokkuð.

Veist þú hvert hlutverk

*trúnaðarmanns er í fyrirtækinu og hvernig hann getur nýst
þér?* Já ég þekki það.

*Hefur einhver sagt þér frá þjónustu stéttarfélagsins og/eða
veistu hvar þú getur fundið þær upplýsingar?*

Já maður getur til dæmis litið við á skrifstofunni.



**Hákon Orri Gunnarsson,
26 ára - Elko**

*Veist þú hvað stéttarfélagið
þitt getur gert fyrir þig?*

Eitthvað, það niðurgreiðir ýmis-
legt, skólagjöld og glæraugna-
kostnað, svo er íþróttastyrkur.

*Hefur þú nýtt þér þjónustu
stéttarfélagsins?*

Já ég hef nýtt mér niðurgreiðslu

á skólagjöldum þegar ég var í menntaskóla og í HÍ.

*Veist þú hvert hlutverk trúnaðarmanns er í fyrirtækinu og
hvernig hann getur nýst þér?*

Já ef ég hef einhverjar spurningar sem ég get ekki rætt
við yfirmanninn kannski, t.d. ef ég held að það sé verið að
brjóta á mér í vinnunni, þá myndi trúnaðarmaðurinn vera í
sambandi við stéttarfélagið.

*Hefur einhver sagt þér frá þjónustu stéttarfélagsins og/eða
veistu hvar þú getur fundið þær upplýsingar?*

Já, ég veit hvar skrifstofan er og svo er hægt að googla FVSA.



**Óli Valur Pétursson,
30 ára - Byko**

*Veist þú hvað stéttarfélagið
þitt getur gert fyrir þig?*

Já, stéttarfélagið mitt passar
upp á réttindi mín sem verka-
maður, ef mér finnst að mér
vegið á einhvern hátt þá getur
stéttarfélagið passað upp á
réttindi mín og sagt mér hvort
ég hafi rétt fyrir mér eða ekki. Svo vinn ég mér inn réttindi
hjá félaginu sem ég get nýtt ef að ég þarf t.d. að fá mér
glæraugu, líkamsræktarkort eða álíka.

Hefur þú nýtt þér þjónustu stéttarfélagsins? Já ég hef nýtt
mér líkamsræktarstyrkinn.

*Veist þú hvert hlutverk trúnaðarmanns er í fyrirtækinu og
hvernig hann getur nýst þér?*

Já, trúnaðarmaður er okkar tengiliður við stéttarfélagið,
hann á að vera upplýstur um okkar réttindi og skyldur, við
getum rætt við hann í stað yfirmanns um þau mál.

*Hefur einhver sagt þér frá þjónustu stéttarfélagsins og/eða
veistu hvar þú getur fundið þær upplýsingar?*

Já sko, móðir mín hefur verið innan stéttarfélags síðan ég var
yngri í mínum heimabæ, ég hef sem sagt lært allt um þetta í
gegnum mömmu. Mamma veit best!



**Arna Halldóra Rögn-
valdsdóttir, 26 ára - A4**

*Veist þú hvað stéttarfélagið
þitt getur gert fyrir þig?*

Maður þælir kannski ekki í því
eins og maður ætti að gera,
en ég tek eftir því þegar nýir
kjarasamningar ganga í gegn, sé
hækkun hér og þar og veit þá af
hverju sú hækkun er.

Hefur þú nýtt þér þjónustu stéttarfélagsins?


Já ég hef nýtt mér námsstyrk, sjúkrahjálfunarstyrkinn
og líkamsræktarstyrkinn. Svo var ég einu sinni að vinna
aukalega á sunnudegi og var ekki viss hvort ég ætti að fá
yfirborgað og þá hringdi verslunarstjórinn á skrifstofuna
ykkar til að fá það á hreint.

*Veist þú hvert hlutverk trúnaðarmanns er í fyrirtækinu og
hvernig hann getur nýst þér?*

Ég hef ekki kynnt mér það sérstaklega.

*Hefur einhver sagt þér frá þjónustu stéttarfélagsins og/eða
veistu hvar þú getur fundið þær upplýsingar?*

Þegar ég hef þurft að leita mér upplýsinga þá hef ég farið
inn á heimasíðuna ykkar.



Ert þú með spurningar til félagsins ?

Ef það er eitthvað sem þú vilt vita, sendu okkur þá fyrirspurn á netfangið fvsa@fvsa.is eða skilaboð í gegnum
facebook síðuna okkar: facebook.com/fvsastettarfelag

Mikil ánægja með styttingu vinnuvikunnar

Nú er liðið ríflega ár síðan stytting vinnuvikunnar tók gildi samkvæmt kjarasamningum. Markmiðið með styttingunni er að auka sveigjanleika milli fjölskyldu- og atvinnulífs og bæta nýtingu á vinnutíma og vinnustaðamenningu. Styttingin nemur 9 mínútum á dag og var útfærslan í höndum hvers og eins atvinnurekanda í samráði við starfsmenn. Við ákváðum að heyra í nokkrum félagsmönnum um hvernig innleiðingin hefur gengið og hvort starfsmenn finni fyrir breytingu.



Hallveig Stefánsdóttir - Bókhaldari - Grófargil

Hvaða leið fóruð þið í styttingu vinnuvikunnar?

Þetta var auðvelt, við vinnum alltaf frá 8-16, nema á föstudögum þá vinnum við til klukkan 15:00. Við fáum s.s. korter aukalega við þessar 45 mínútur.

Hvernig gekk að innleiða styttinguna?

Þetta var lítið mál, ákvörðunin lá fyrir fljótlega eftir að þetta kom og hefur gengið bara mjög vel.

Er styttingin að nýtast starfsmönnum?

Já, það munar miklu, starfsmenn eru mjög sáttir, þó þetta sé bara klukkutími þá er hægt að fara í búðina og svona. Manni finnst föstudagurinn næstum helmingi styttri en hinir dagarnir.

Heimir Geirdal - Deildarstjóri kjötdeild - Nettó Glerártorgi

Hvaða leið fóruð þið í styttingu vinnuvikunnar?

Fyrirtækið setti upp app og í því er svokallaður tímabanki. Starfsmenn geta safnað mínútum í ákveðinn tíma þar til þeir verða að nýta mínúturnar. En það er líka leyfilegt að nota mínúturnar til að skreppa innan vinnutíma eða hætta fyrr einn dag í viku, þetta er mjög sveigjanlegt.

Hvernig gekk að innleiða styttinguna?

Þetta gekk mjög vel, ég var í vinnuhópnum og það komu margar tillögur, en þetta var leiðin sem við völdum. Starfsmenn leggja svo inn beiðni þegar þeir vilja nýta sínar mínútur.

Er styttingin að nýtast starfsmönnum?

Já mjög vel, það eru allir mjög jákvæðir gagnvart þessu, bæði starfsmenn og vinnuveitandinn, appið hjálpar til. Beiðnir um að nýta mínúturnar dreifast vel og þetta gengur framur vonum.



Anna Kristín Árnadóttir - Bókhaldari - Norðlenska

Hvaða leið fóruð þið í styttingu vinnuvikunnar?

Það var kosið um þetta á sínum tíma og niðurstaðan var sú að stytta föstudaginn.

Hvernig gekk að innleiða styttinguna?

Það gekk mjög vel og tók gildi um leið og ákvörðunin var ljós.

Er styttingin að nýtast starfsmönnum?

Á okkar vinnustað, þar sem við vinnum alltaf til fjögur alla daga, þá er hægt að nýta þennan tíma í að erinda á þá staði sem eru með sama opnunartíma og við. Það munar líka heilmiklu að komast aðeins fyrr inn í helgina. Ég held að það séu bara allir mjög sáttir með þetta.



Mynd: Þórður Halldórsson

Ég fer í frið

Umsóknarfrestur um orlofshús, útilegukort og viku að eigin vali fyrir sumarleigu 2021 er til 25. mars. Sótt er um á félagavefnum. Sumarleiga orlofshúsa er frá 2. júní til 20. ágúst 2021 en umsækjendur fá svar með tölvupósti um úthlutunina um mánaðamót mars/apríl. Þeir sem fá úthlutað þurfa að greiða í síðasta lagi 12. apríl 2021. Opnað verður fyrir lausar orlofsvikur sumarið 2021 og vetrarleigu 2021 til maí loka 2022 á félagavef þann 14. apríl kl. 12:00.



Inneignarbréf hjá Air Iceland Connect

Félagsmenn geta einnig keypt inneignarbréf frá Air Iceland Connect að upphæð 10.000 kr. en greiða einungis 6.000 kr. fyrir.

Vika að eigin vali

Auk orlofshúsa býður félagið upp á 100 orlofsstyrki sem bera heitið „vika að eigin vali“. Um er að ræða 26.000 kr. styrki vegna ferðakostnaðar á árinu 2021, þ.e. flug og/eða gisting.



Niðurgreiddir gistimiðar

Líkt og undanfarin ár mun félagið selja niðurgreidda gistimiða á Fosshótelin á 11.400 kr. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu okkar: www.fvsa.is.



Útilegukortið

25 útilegukort verða til úthlutunar hjá félaginu en einnig verður kortið til sölu á skrifstofunni á 18.900 kr. Útilegukortið gildir á 36 tjaldevæði. Nánari upplýsingar á vefnum: www.utilegukortid.is



Veiðikortið

Veiðikortið verður áfram til sölu á skrifstofu félagsins á Akureyri á 7.100 kr. en það gildir á 36 stöðum á landinu. Nánari upplýsingar á vefnum: www.veidikortid.is

Athugið

Hver félagsmaður getur að hámarki keypt 4 miða samanlagt á hverju almanaksári af gistimiðum og inneignarbréfum.

Sótt er um orlofshús, „viku að eigin vali“ og útilegukort á félagavefnum www.fvsa.is. Allar nánari upplýsingar um húsin eru inn á vefnum. Einnig er hægt að fá aðstoð á skrifstofu félagsins.

Allar íbúðir og bústaðir félagsins eru **reyklausir** og **stranglega bannað** að hafa í þeim gæludýr. Komið hafa upp slæm ofnæmistilfelli vegna þeirra.

Orlofshús - sumarleiga

ÍBÚÐIR Í REYKJAVÍK

Félagið á fjórar íbúðir í Mánatúni 3 og 5 í Reykjavík, ásamt tveimur íbúðum í Mánatúni 13. Íbúðirnar eru í alla staði mjög vandaðar og glæsilegar en allar eru þær með rúmgóða stofu, vel búið eldhús með uppþvottavél, baðherbergi með sturtu og þvottahús með þvottavél og þurrkara.

Tveggja herbergja íbúð - 26.000 kr. vikan

Eitt svefnherbergi er í íbúðinni með gístaðstöðu fyrir tvo, að auki er veggrúm í stofu sem tveir geta sofð í, ferðabarnarúm og barnastóll.

Þrjár þriggja herb. íbúðir - 32.000 kr. vikan

Tvö svefnherbergi eru í íbúðunum með gístaðstöðu fyrir sjö manns, auk barnarúms og barnastóls.

Fjögurra herb. íbúð - 37.000 kr. vikan

Þrjú svefnherbergi eru í íbúðinni með gístaðstöðu fyrir 10 manns, auk barnarúms og barnastóls.



ATH: Ekki er hægt að leigja lín. Taka þarf með sér lín á rúm og handklæði. Gasgrill fylgja ekki íbúðunum. Nettenging er í öllum íbúðum.

Skiptidagar: Íbúðirnar eru leigðar í viku í senn yfir sumartímann og skipt á miðvikudögum. Íbúðirnar eru til afhendingar kl. 17 en dvalargestir þurfa að skila íbúðunum kl. 13 á skiptidögum.

Lyklar: Afhentir á skrifstofu FVSA.

Leigutímabil: Sumarleiga frá 2. júní til 18. ágúst.

SKÓGARSEL, VAGLASKÓGUR

Glæsilegt sumarhús á skemmtilegum stað á bökkum Fnjóskár og í miðjum Vaglaskógi. Í húsinu eru fjögur svefnherbergi, góð stofa, sjónvarpsrými, eldhús með öllum búnaði, borðstofa, tvö baðherbergi og þvottaherbergi. Í húsinu er gístaðsæki fyrir 11 manns.



Sængur fylgja en án lín. Upplýsingar um stærðir á dýnum eru inni á heimasíðu félagsins. Öll helstu heimilistæki eru í húsinu, ásamt þvottavél, þurrkara og uppþvottavél. Veturinn 2017 var lagður ljósleiðari í húsið og er því komin þráðlaus nettenging og myndlykill frá Símanum.

Við húsið er stór afgirtur sólpallur og þar er stór heitur pottur. Umhverfis húsið er stór, girtur garður og í honum eru barnaleiktæki. Frábært umhverfi, veðursæll og rómaður staður fyrir fjölskylduna.

Hægt er að tjalda á lóðinni og því er þetta staður stórfjölskyldunnar.

Leigutímabil: Sumarleiga frá 2. júní til 18. ágúst.

Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er kl. 16 á miðvikudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Afhentir á skrifstofu FVSA.

Verð: 50.000 kr. vikan.

Umsóknarfrestur um orlofshús og „viku að eigin vali“ er til 25. mars 2021

ILLUGASTAÐIR, HÚS NR. 2 OG 19

Klassískur fjölskyldustaður eins og hann gerist bestur hér á landi. Mikið við að vera og óteljandi möguleikar í dagsferðum, gönguferðum og annarri afþreyingu.

Félagið er með tvö hús í sumarhúsabyggðinni á Illugastöðum í Fnjóskadal. Við húsin er heitur pottur og gasgrill. Sængur, koddar og tuskur fylgja húsunum en taka þarf með sér lín eða þá leigja það hjá umsjónarmanni í þjónustumiðstöð. Á svæðinu er sundlaug með heitum potti, minigolf, barnaleikvöllur og lítil verslun. Klassískur fjölskyldustaður eins og hann gerist bestur. Óteljandi möguleikar á dagsferðum, gönguferðum og annarri afþreyingu.

Haustið 2017 var lagður ljósleiðari í öll húsin á svæðinu. Í húsin er því komin þráðlaus nettenging og myndlykill frá Vodafone þar sem leigjendur hafa aðgang að heilmikilli afþreyingu í gegnum Vodafone PLAY.



Hús nr. 2 - 27.000 kr. vikan. Í þessu húsi er svefnrými fyrir sex manns, auk svefnsófa í stofu.

Hús nr. 19 - 30.000 kr. vikan. Húsið er á tveimur hæðum með svefnrými fyrir sex manns, auk svefnsófa í stofu og rúmi í borðstofu. Á efri hæðinni er stofa, tvö svefnherbergi og baðherbergi með sturtu. Á neðri hæðinni er vel búíð eldhús og borðstofa, gufubað og baðherbergi með sturtu.

Leigutímabil: Sumarleiga frá 4.júní til 20. ágúst.

Skiptidagar: Húsin leigjast eina viku í senn. Afhending húsanna til komugesta er milli kl. 16 og 21 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsin eigi síðar en kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Eru í lykklaskáp sem staðsettur er við útidyr.

MIÐHÚSASKÓGUR, BLÁSKÓGABYGGÐ

Margt er við að vera og skemmtileg afþreying í nánasta umhverfi. T.a.m. úrval gönguleiða, minigolf, ærslabelgur, frísbí-golf, aparóla, sparkvellir, körfuboltavöllur o.fl. Sandkassi er við hvert hús og leiktæki í hverjum botnlanga.

Sumarhúsið er í Miðhúsaskógi, Bláskógabyggð, og er í um 17 km fjarlægð frá Laugarvatni, þar sem hægt er að sækja alla almenna þjónustu, m.a. sundlaug og matvöruverslun. Húsið er 55 fm með þremur svefnherbergjum og gistiþlássi fyrir sjö manns. Í húsinu er setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Heitur pottur er við húsið.

Húsinu fylgja öll venjuleg eldhúshöld, borðbúnaður, gasgrill og uppþvottavél. Leigjendur verða að hafa með sér lín, handklæði, diskapurrkur og þvottaefni í uppþvottavél.



Leigutímabil: 4. júní til 20. ágúst.

Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Leigutakar mega koma frá kl. 17.00 og brottför er í síðasta lagi kl. 12.00 á föstudögum.

Verð: 34.000 kr. vikan.

Lyklar: Eru í lykklaskáp við útidyr. Lyklum skal skilað í lykklaskápinn aftur við brottför.

Umsóknarfrestur er til 25. mars 2021. Allar íbúðir og bústaðir félagsins eru reyklausir og stranglega bannað að hafa í þeim gæludýr. Komið hafa upp slæm ofnæmistilfelli vegna þeirra.

FLÓKALUNDUR Í VATNSFIRÐI Á BARÐASTRÖND

Skemmtileg staðsetning og rómuð veðursæld. Ýmsir möguleikar í dagsferðum, gönguferðum, fjöruferðum og þannig mætti áfram telja. Staðurinn nýtur mikilla vinsælda meðal félagsmanna.

Í húsinu eru tvö svefnherbergi, með gistiþlássi fyrir sex manns, ásamt setu- og borðstofu með eldhúskrók sem geymir öll helstu eldhústæki og baðherbergi með sturtu. Sjónvarp er í húsinu og gasgrill. Sundlaug með heitum potti er einungis til afnota fyrir gesti sem dvelja í orlofshúsabyggðinni.

Leigutímabil: 18. júní til 13. ágúst.

Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Leigutakar mega koma eftir kl. 16.00 á föstudögum og brottför er í síðasta lagi kl. 12.00 á skiptidögum.

Lyklar: eru í lykaskáp sem staðsettur er við útidyr. Lyklum skal skilað í lykaskápinn aftur við brottför.

Verð: 32.000 kr. vikan.



EINARSSTAÐIR Á HÉRAÐI

Þægilegur staður í hjarta Austurlands með mikla möguleika á dagsferðum í allar áttir. Mikil afþreying er í boði á þessu svæði. Leikvöllir eru á svæðinu fyrir börn. Mini-golf er á svæðinu og það fylgja tvær golfkylfur og kúlur hverju húsi. Á Egilsstöðum er hægt að sækja alla almenna þjónustu, matvöruverslanir, matsölustaði, apótek, flugsamgöngur, tækjasal, sundlaug með rennibraut, heitum pottum og fleiru.

Húsið er númer 7 og er nýlega uppgert 45 m² hús. Í því eru 2 svefnherbergi og er svefnaðstaða fyrir 5 manns. Í öðru herberginu er tvíbreitt rúm og rúm yfir en í hinu tvíbreitt rúm. Setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Húsinu fylgja öll venjuleg eldhúsáhöld og borðbúnaður. Barnarúm og stólar og aukadýnur fást hjá umsjónarmanni.



Leigutímabil: 4. júní til 20. ágúst

Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Leigutakar mega koma milli kl. 16 og 19 á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma þau í síðasta lagi kl. 12.00 á skiptidögum.

Lyklar: eru í lykaskáp sem staðsettur er við útidyr. Lyklum skal skilað í lykaskápinn aftur við brottför.

Verð: 32.000 kr. vikan

Aðalfundur FVSA

Aðalfundur FVSA var haldinn í Alþýðuhúsinu mánudaginn 1. mars. sl. Vegna samkomutakmarkana var óskað eftir því að félagsmenn myndu boða komu sína fyrirfram og sátu alls 30 manns fundinn. Fundarstjóri var Halldór Óli Kjartansson. Í fyrsta sinn var fundinum einnig streymt þannig að félagsmenn sem heima sátu gátu fylgst með dagskránni og tekið þátt í umræðum og atkvæðagreiðslu.

Áhersla lögð á að ná yngri fólki í trúnaðarráð

Eiður Stefánsson, formaður FVSA, fór yfir ársskýrslu stjórnar í máli og myndum. Hermann Brynjarsson frá Enor gerði grein fyrir ársreikningum félagsins og að því loknu var stjórnarkjóri lýst. Elín Anna Guðmundsdóttir fór yfir mannabreytingar í stjórnnum og ráðum og hafði á orði að lögð hefði verið áhersla á að ná yngri félagsmönnum í trúnaðarráð.

Áhrif Covid-19 viðtæk

Úr ársskýrslu mátti lesa áhrif samkomutakmarkana, sóttvarnariðmiða og aðstæðna á vinnumarkaði á félagsmenn. Þar kom fram að alls greiddu 250 manns að meðaltali félagsgjöld af atvinnuleysisbótum og hlutabótum til félagsins og er það mikil aukning á milli ára, flestir í apríl (660) en fæstir í janúar (74). Þá fækkaði styrkbeiðnum fyrir líkamsræktarkortum umtalsvert á meðan töluverð aukning



Elín Anna Guðmundsdóttir.

varð á styrkbeiðnum vegna sjúkráþjálfunar, sem má rekja til aukinnar greiðsluþátttöku sjúklinga í kostnaði. Í ljósi aðstæðna var tekin ákvörðun um að endurgreiða leigu á orlofshúsum og íbúðum, væri þess óskað, og námu endurgreiðslur sirka 3,8 milljónum á árinu. Þá féllu fundir og námskeið á vegum félagsins niður af sömu ástæðum.

Hægt er að nálgast ársskýrslu og reikninga félagsins á vefsíðunni www.fvsa.is

Styrkir til félagsmanna

Verkefni sjúkrasjóðs er að veita félögum FVSA fjárhagsaðstoð í veikinda-, slysa-, og dánartilvikum. Einnig vinnur sjóðurinn markvisst að fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi og heilsufar félagsmanna, t.d. með því að niðurgreiða að hluta kostnað við líkamsrækt, nudd, sálfræðiþjónustu o.m.fl.

Prep 1: Fullan rétt til styrkja eiga þeir félagsmenn sem greitt hafa kr. 38.089 í félagsgjald á síðustu 12 mánuðum. Viðmiðið er byrjunarlaun 20 ára.

Prep 2: Þeir sem greitt hafa frá kr. 7.000 til 38.089 kr. í félagsgjald s.l. 12 mánuði (eða laun frá kr. 50.000 að byrjunarlaunum 20 ára).

Hámarksstyrkur

80.000 36.000

Styrkir úr sjúkrasjóði	Hlutfall af reikningi	Prep 1	Prep 2
Sjúkraþjálfun	75%	50.000	30.000
Krabbameinsleit	85%	10.000	3.000
Líkamsrækt	50%	30.000	18.000
Sálfræðiþjónusta	50%	35.000	15.000
Sjúkranudd / hnykk	35%	25.000	10.000
Nudd (dekur)	35%	15.000	5.000
Heyrnartæki (á 3 ára fresti)	35%	25.000	10.000
Gler og linsur (á 3 ára fresti)	35%	25.000	12.000
Glasa/tækniþjónungun	50%	55.000	33.000
Lasik augnaðgerð (á 3 ára fresti)	35%	55.000	33.000

Útfararstyrkur til greiðandi félaga	400.000
Útfararstyrkur til lífeyrisþega	150.000

Vímuefnaðferð: Sjúkradagpeningar meðan á meðferð stendur.

Ellilífeyrisþegar halda rétti sínum í sjúkrasjóði í 7 ár eftir síðustu greiðslu. Öryrkjar halda rétti sínum í sjúkrasjóði í 2 ár eftir síðustu greiðslu.

FÉLAGSMENN OKKAR

sinna fjölbreyttum störfum í samfélaginu



Haukur Hergeirsson
Verslunarstjóri
ELKO



Claudia Lobindzus
Aðstoðarhótelstjóri
Icelandair Hótel Akureyri



Núi Björnsson
Lagerstjóri
CCEP



Karen Eyvindsdóttir
Verslunarmaður
Nettó - Glerártorgi



Áslaug Helga Guðnad.
Verslunarmaður
Akureyrarapótek



Hjálmar Pálsson
Bílasali
Brimborg



Freydis Heba Konráðsd.
Þjónustustjóri
Sjóvá



Jón Haraldur Lárusson
Verslunarmaður
Húsasmiðjan



Hjörvar Maronsson
Forstöðumaður markaðssviðs
Íslensk Verðbréf



Andrea Pálína Helgad.
Verkefnastjóri
Ferðaskrifstofa Akureyrar

Við stöndum stolt vörð um réttindi þeirra

ÁTT ÞÚ HEIMA HJÁ OKKUR?

Kynntu þér málið á www.fvsa.is/nyrfelagsmadur